

## KJARASAMNINGUR

milli

**Samtaka atvinnulífsins og Samtaka ferðaþjónustunnar**

og

**Leiðsagnar – Félags leiðsögumanna**

### 1. gr.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning Samtaka atvinnulífsins og Samtaka ferðaþjónustunnar við Leiðsögn – Félag leiðsögumanna.

### 2. gr.

#### Meginmarkmið

Kjarasamningur þessi er framlenging á kjarasamningi aðila sem gildi frá 2019-2022. Að mati samningsaðila styður samningurinn við kaupmátt launa auk þess að veita heimilum og fyrirtækjum fyrirsjáanleika á miklum óvissutímum. Samningurinn geti þannig byggt undir stöðugleika og skapað forsendur fyrir langtímasamningi.

#### Gildistími

Gildistími samningsins er frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024.

#### Launabreytingar

Launahækkun samningsins er í formi krónutöluhækkunar á mánaðarlaun. Með mánaðarlaunum er átt við föst mánaðarlaun fyrir fullt starf í dagvinnu.

#### Almenn launahækkun

Þann 1. nóvember 2022 hækka mánaðarlaun um kr. 33.000.

#### Kauptaxtar

Kauptaxtar kjarasamnings þessa hækka sérstaklega frá 1. nóvember 2022, sbr. fylgiskjal með samningi þessum. Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir sem verða hluti samningsins. Launataxtar gilda frá 1. nóvember 2022.

#### Kjaratengdir liðir

Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka um 5,0% frá 1. nóvember 2022, nema um annað hafi verið samið.

#### Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2023 kr. 103.000.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 verði orlofsuppbót kr. 56.000.

Heimilt er að gera upp desember- og orlofsuppbót eftir hverja ferð skv. gr. 2.2.5. í kjarasamningi aðila og reiknast uppbæturnar þá sem kr. 95 á hverja greidda dagvinnustund á samningstímanum.

## Hagvaxtarauki 2023

Með hækkun 1. nóvember 2022 hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og að fullu efndur. Jafnframt er samkomulag um að með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019 – 2022.

### 3. gr.

#### Starfsreynsla

Grein 1.4. breytist og orðist svo:

Í launaflokkum leiðsögumanna eru starfsaldursþrep miðað við starfsreynslu við leiðsögn og starfstíma hjá vinnuveitanda sem hér segir:

1. launaþrep: Byrjunarlaun
2. launaþrep: Starfsfólk með eins árs starfsreynslu
3. launaþrep: Starfsfólk með þriggja ára starfsreynslu
4. launaþrep: Starfsfólk með fimm ára starfsreynslu

1.650 vinnustundir eru ígildi eins árs í starfsreynslu í framangreindum skilningi. Til vinnustunda í þessum skilningi teljast allar unnar stundir.

Punkta, sem áunnist hafa í punktakerfi samkvæmt fyrri samningum fyrir gildistöku samnings þessa skal umreikna til starfsaldurs þannig að hverjir 15 punktar umfram punkta fyrir nám skulu metnir sem eitt ár í starfsaldri. Punktakerfinu verður ekki viðhaldið frá þeim tíma.

Starfsfólk getur óskað eftir að Leiðsögn - Félag leiðsögumanna votti vinnutíma þess.


### 4. gr.

#### Afgreiðsla kjarasamnings

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamningsins miðvikudaginn 15. febrúar 2023.

Reykjavík, 2. febrúar 2023

F.h. Leiðsagnar – Félags leiðsögumanna

  
Sigrún Ólafsson  
Guðrún Ólafsson

F.h. SA og SAF

  
Ólafur Guðjar Halldórsson  
Teitur H. Sýn  
Sjarnheitur Hallsdóttir  
Cemur, Teitur Þur  
Ina Edda Þorðóttir

## Fylgiskjal

### Launatafla

Gildir frá og með 1. nóvember 2022

#### 1. launaflokkur: Fararstjóri/Hópstjóri

Byrjunarlaun 444.671

#### 2. launaflokkur: Leiðsögumaður

Byrjunarlaun 444.671

Eftir 1 ár 454.605

#### 3. launaflokkur: Leiðsögumaður

Byrjunarlaun 450.618

Eftir 1 ár 466.614

Eftir 3 ár 482.470

Eftir 5 ár 486.094

#### 4. launaflokkur: Leiðsögumaður

Byrjunarlaun 458.920

Eftir 1 ár 479.662

Eftir 3 ár 495.961

Eftir 5 ár 499.686

  
  
GMLG  
6883

## Fylgiskjal

### Verkátun

Með framlengingu Lífskjarasamningsins til 31. janúar 2024 er viðræðum um önnur atriði en launalið í kröfugerð aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður um aðrar kröfur eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu.

Á fyrsta fundi hvers hóps verður vinna hópsins skipulögð, metið verði umfang verkefnis og þörf á undirhópum. Gengið verði frá fundaáætlun sem miðast við það að verkefni vinnuhópanna verð lokið í samræmi við þá tímasetningu sem kemur fram í verkátun.

Hvor aðili getur óskað eftir liðsinni ríkissáttasemjara við fundarstjórn, ef þörf er á.

Verkefni	Verkefni hefst	Verkefni lýkur
Vinna við sameiginleg ráðningarform, bókanir, einföldun, skýringu og framkvæmd samnings	16. febrúar 2023	Nóvember 2023
Aðilar munu óska eftir samstarfi við stjórnvöld um að uppræta ólöglega starfshætti í leiðsögn	21. febrúar 2023	Nóvember 2023
Vinna við að efla gæði, fagmennsku og samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar. Aðilar eru sammála um að leiðsögumenn gegni þar mikilvægu hlutverki. Eitt af markmiðunum er að auka nýliðun og draga úr brotthvarfi leiðsögumanna. Aðilar munu m.a. rýna starfsvettvang og starfskjör þeirra í því skyni. -	23. febrúar 2023	Desember 2023
Önnur mál (veikindi, vinnutími, vaktavinna, brottfall ferða, einföldun og endurskoðun launasamsetningar o.fl.)	14. mars 2023	Desember 2023

FR  
GKH  
GOS